

16. október 2008

Kæra samstarfsfólk,

Síðastliðið ár hefur verið viðburðaríkt fyrir okkur hjá Norðuráli. Í sameiningu höfum við náð miklum árangri á Grundartanga og rekum nú nútímalegt og samkeppnisfært 270 þúsund tonna álver. Við fögnuðum einnig tíu ára starfsafmæli á Grundartanga og í febrúar framleiddum við milljónasta álttonnið. Í Helguvík lukum við undirbúningi og hófum framkvæmdir við nýtt álver.

Starfsemi Norðuráls er traust og byggir á mjög sterkri fjárhagsstöðu. Aðföng súrals og skauta, sem sala á framleiddu áli byggja á langtímasamningum við stór og traust alþjóðleg fyrirtæki.

Árið 2008 hefur verið gott ár fyrir fyrirtækið, góður endir á frábærum áratug. Ekkert fyrirtæki getur vaxið og dafnað eins og Norðurál nema með traustu starfsfólki sem hefur vilja og getu til að lyfta byrðum saman og vinna sem ein heild að sameiginlegum markmiðum. Elja og áhugi starfsfólks Norðuráls hefur verið einstök og eftir henni tekið. Fyrir það viljum við þakka ykkur öllum og teljum ástæðu til að fagna þeim áföngum sem náðst hafa á árinu.

Á undanförmum vikum höfum við hins vegar séð þróun á alþjóðlegum mörkuðum, þar á meðal verulega lækkun álverðs og upplifað atburði hér heima sem okkur hefði ekki órað fyrir. Óvissan og áfallið í íslensku efnahagslífi hefur snert okkur öll á einn eða annan máta. Á tímum sem þessum er mikilvægt að við hugum að fjölskyldu okkar og vinum og stöndum saman og styðjum hvert annað. Það er líka mikilvægt að við, starfsfólk Norðuráls, vinnum saman að áframhaldandi vexti og uppgangi fyrirtækis okkar sem skipar æ mikilvægari sess í efnahags- og atvinnulífi Íslendinga.

Í ljósi alls þessa hefur Norðurál ákveðið að greiða öllu starfsfólki í fullu starfi aukalega ein mánaðarlaun. Fólk í hlutastörfum og þeir sem hafa ekki starfað allt árið hjá okkur fá greitt hlutfallslega. Greiðslurnar verða lagðar inn á reikninga ykkar á næstu dögum.

Enn og aftur viljum við þakka ykkur fyrir ykkar framlag. Við vonum að þrátt fyrir erfiða tíma á Íslandi getið þið notið komandi aðventu og jóla og átt gott ár með okkur árið 2009.

Með bestu kveðjum



Ragnar Guðmundsson



David Kjos